

KRÖFUR

BARNAÁRSNEFDAR

INN Í SAMNINGANA !

Arið 1979 var barnaár. Þá fylltust menn hlýhug í garð barna, fallegar ræður voru fluttar og börn fengu að taka þátt í ýmislegu sem tilheyrir heimi hinna fullorðnu ss. að vera þulir í einn dag í útvarkinu. En nú er barnaár liðið og þá er okkur spurn: Til hvers í ósköpum að hafa barnaár ef ekki er staðinn vörður um réttindi barna? Hefði ekki verið raunhæfara að rétta kjör barna og foreldra á barnaári í stað þarflausra ræðuhalda?

Nú vill svo vel til að á árinu 1979 var kosin barnaársnefnd ASÍ. Nefnd þessi vann ítarlegt plagg þar sem settar voru fram hinari veigamestu kröfur sem krefjast brýnustu urlausna. Kröfur þessar eru:

- að mæður fái 3ja mánaða fæðingarorlof sem greiðist af almanna-tryggingum
- að dagvistarþörf verði brúuð á skipulagðan hátt á 7 árum. Til þess að þetta verði mögulegt þarf ríkissjóður þegar á næsta ári að veita 1.100 millj. kr. til byggingar dagvistarheimila.
- að foreldri barns sem er yngra en 10 ára geti í eftirtöldum tilvikum fengið launað leyfi frá vinnu vegna umönnunar á barni:
 - a) þegar barnið er veikt
 - b) þegar sá sem annast barnið er veikur, hvort sem það er heima-vinnandi foreldri, dagmamma eða annar aðili.
 - c) þegar foreldri þarf að fylgja barni í læknisskoðun
 - d) þegar foreldri þarf að hafa samband við þá uppeldisstofnun sem barnið kann að vera á t. d. dagheimili.
 - e) þegar faðirinn þarf að vera heima til þess að annast barn eða börn fjölskyldunnar undir 10 ára aldri vegna fæðingu nýs fjölskyldu-meðlims
- að vinnutími barna verði takmarkaður með eftirgreindum hætti: Börnum yngri en 15 ára verði bönnuð öll yfirvinna og börnum yngri en 16 ára verði bönnuð öll næturvinna.

Pessum kröfum barnaársnefdar ASÍ ber að fagna. Þetta eru sjálf-sagðar kröfur sem hefðu fyrir löngu átt að vera komnar inn í kjarasamninga og miðað við aðra Norðurlandabúa erum við Íslendingar heldur forn-aldarlegir. Við hljótum því að krefjast þess að þessar kröfur hljóti forréttindafyrirgreiðslu í samningabófinu og komist inn í kjarasamningana og þótt fyrr hefði verið.

Foreldrar og börn - fram til baráttu og stöndum vörð um réttindi okkar!'

RAUÐSOKKAHREYFINGIN

Rauðsokkahreyfingin er til húsa að Skólavörðustíg 12, efstu hæð, sími 28798. Þar er opíð alla virka daga milli 5-6³⁰ og eins erum við með svonefnt Laugardagskaffi kl. 11³⁰-1 á hverjum laugardegi. Þá komum við saman til að rabba um mál sem eru ofarlega á baugi og eins fáum við stundum gesti til okkar til að flytja framsögu um einhver ákveðin mál. Komið og takið börnin með ykkur það er oft fjör í barnahorninu á laugardagsmorgnum.

Ýmislegt er nú á döfinni hjá Rauðsokkum. Ný Forvitin rauð kemur út um næstu mánaðamót og hin vinsæla kvennahátíð "Frá morgni til kvölds" verður 26. janúar en hún verður nánar auglýst síðar m.a. í dagblöðum.

HITTUMST Í
SOKKHOLTI,
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12
EFSTU HÆÐ !

